

**UNIVERSITY COLLEGE LONDON**

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

For The Following Qualification:–

*B.A.*

**Scand. Studs. SC4180: Degree–level Modern Icelandic**

COURSE CODE : **SCAN4180**

UNIT VALUE : **1.00**

DATE : **10–MAY–04**

TIME : **10.00**

TIME ALLOWED : **3 Hours**

Answer ALL questions.

A. (40%) Read the following text carefully and answer questions 1-3 below in your Answer Book:

Við nálgumst jökul jafnt og þétt og fáum að gista til hliðar við hann, með sjónarhorni sem hefur ekki verið mjög margra í gegnum tíðina. AÐ NÁLGAST JÖKUL, hvort sem það er úr lofti, af sjó, á bíl eða fótgangandi, er sérstök tilfinning og ekki hægt að lýsa henni. Mjög margt fólk í heiminum hefur farið á mis við þessa reynslu og dáið án hennar, frá upphafi, allt til vorra daga.

Bara að þú værir kominn hingað upp að hliðinni á mér í staðinn fyrir að þruma lengst vestur á fjörðum þar sem sér ekki til sólar einn fjórða úr árinu. Ef þú sætir hérna hjá mér gætum við talað um jökulinn, og ég gæti sagt þér hvernig er þarna í efra þótt ég hafi ekki komið þangað. Af jöklinum sýnast önnur fjöll ómerkilegir upptypingar, og sá sem er á jökli er konungur breiðunnar, sérstaklega sá sem er á Vatnajökli, hann vill ekki ofan, hann vill vera áfram í jökulgeimnum og líta niður á landið. Ég skyldi benda þér á að ferðalög á jökli eru eitt af því merkasta sem hægt er að stunda í þessu lífi. Að JÖKLASÓL líkist ekki sól á jörðinni.

Ég skyldi segja þér allt um mig þegar ég var lítil fyrir austan, af því ég veit þig langar að heyra meira, ég skyldi segja þér hvernig var að eignast barn, barn að aldri, ég skyldi ekki skammast mín, ég skyldi segja þér hvernig er að vera ó-skáld, skáld í meinum, án þess að skammast mín, ég skyldi vera skemmtileg, og allra skemmtilegust þegar ég væri leiðinleg, og ég skyldi segja þér hvernig var í Perpignan, og hvar er sniðugast að vera í útlöndum, af því það veit ég þótt ég hafi varla nokkurs annars staðar verið, ég hef lesið um það og heyrt um það frá Heiði, ég skyldi segja þér hvert ég ætlaði næst að fara, og þú með, og ég skyldi segja þér hvernig það var að hafa þig hjá sér vakin og sofin, það heitir ekki ást í meinum heldur ást í *minnum*, því það var minningin ein, nei annars minningin öll.

Allt um ástina, út í æsar. Ég skyldi segja þér allt um fyrsta skiptið sem var líka síðasta skiptið, segja hvernig það var, í eins miklum smáatriðum og hægt væri án þess að vera dónaleg, nema ég yrði það þá bara líka, uppá grín, gerði manninn hissa, kæmi andstæðingnum á óvart.

Nú sigla roðnandi ský í mörgum kvöldsólartjörnum.

30 Að hann fengi að sjá þetta með mér sá sem ég hugsa um, dýrðina í landinu fyrir suðaustan á síðasta deginum í ágúst. Sá sem ég rifja upp og þarf ekki að gleyma.

Nú lítur hann á mig grænleitum augum, blágrænum, grænbláum sem minna hvorki á fólk né jörð heldur á ketti og haf.

Grænu augun

35 Eru ekki af manneskjuætt

Heldur kattarætt.

Augu af hafi, engu landi.

Kattaglyrnur,

Hafsaugu.

40 Sæju þau mig í myrkrinu?

Væri sætur í þeim sjódaðinn?

Hann segir ekkert. Það þarf ekki að tala núna. En ég er svolítið forvitin um sumt.

Finnst ekki taka því að stilla mig.

45 Hefurðu verið til sjós?

Á sumrin af því að pabbi var stýrimaður.

Seinni tíma skýring á því hvað hann var alltaf finnstú að fötin færu svo vel á honum. En það var meira en það. Hann hefur verið í fötum sem fengust ekki á Íslandi.

50 Allt hefur samvirkað til að gera hann að aðalmaninum á sundnámskeiðinu þar sem við hittumst fyrst, aðalmaninum hvar sem hann fór.

Svo þú ert alinn upp á sjónum.

Á sumrin, og í huganum líka.

Fékkstu snemma að fara til útlanda?

Já. Ég var fimm ára þegar ég fór fyrst. En þú sjálf?

55 Ég fór seint.

Ég hélt alltaf að þú værir útlensk. Ég kallaði þig útlensku stelpuna með sjálfum mér og ég varð hissa þegar ég heyrði þig tala íslensku og hugsaði með mér að þú hefðir

bara lært hana svona vel, en ég imyndaði mér að þú talaðir með hreim þótt þú gerðir það náttúrulega ekki. Ertu svo ekki neitt útlensk?

60 Ekki svo ég viti.

Hann brosir og ég bæti við: Ég er bara venjulegur umskiptingur.

Hann horfir á mig með glimt í auga, sætt og skelmislegt glimt.

Hann bætir í brosið svo breitt að grængrænu augun verða að mjóum rifum. Svona geta augu kattanna orðið þegar þeir mala, ef einhver nennir að klappa þeim. Ég hef séð  
65 hann hlæja en það stóð aldrei lengi og ég hef séð hann brosa í kampinn, en mér finnst eins og brosin sem fóru á undan hafi verið æfing undir þetta sérstaka brosið. Eins og söngvari sem syngur út á sýningu, háa-c-ið, í botn, og gefur allt, eftir að hafa raulað og hummað og hálfungið þegar hann æfir sig. Þetta er ekki bara brosið heldur óvenju langt líka nema þá tímaskynið sé orðið eitthvað brenglað hjá mér – háa-c-ið svo langt að áheyrendur  
70 halda niðri sér andanum og það hættir ekki allt í einu heldur deyr út smám saman. Hann hefur svolítið skakkar tennur í neðri góm og vígalegar vígtennur sem hann skammast sín ugglaust fyrir og veit ekki að það er smart. Kannski er það vígtannanna vegna sem brosin hans absolútt eru svona sjáldgæf. Og kannski eru þau það vegna þess að hann vill spara þau alveg þangað til fullkomið tilefni gefst.

75 Kjölfarið á brosinu er langar rákir af skínandi þögn. Fyrst horfir hann svolítið framan í mig, bara lítið, því næst á fætturna á mér sem eru komnir í indjánainniskó úr rúskinni, fóðraðir með kanínuskinni, útsaumaðir með lengjum af pínulitlum kúlum í mörgum litum. Gjóf frá Heiði eftir túrne í Kanada. Hlýir og kisulegir skór í gólfkalda Norðurmýrarkjallara. Spurning hvort þeir auka á sexappíl eða útrýma því. Númer 35 og  
80 hálf. Alveg í vandræðum með að fá á sig skó. Aumingja konan. Hefur sést í barnadeildum að máta skó. Haldiði að það sé nú. Hún sækir kaffi.

Máttu ekki einu sinni líta út eins og þú gerir? Eins og þú ert falleg. Maður verður bara reiður.

85 Ég er með útlit sem fólki þyki ágætt á öðrum en það vildi frekar deyja en vera svona sjálft. Mín örlög hefðu orðið allt önnur ef ég hefði verið hávaxin og ljóshærð. Lífið er svo fارانlegt að fólki farnast hreinlega eftir því hvernig það lítur út. Hvað heldurðu að leggist fyrir kringluleita pínulitla konu sem fæðist kaffibrún með snarhrokkið hár og á að

heita af alíslensku foreldri? Þetta er ekki sannfærandi Heiður mín, þú verður að viðurkenna það.

90 Ertu enn með það á heilanum að þú sért rangt feðruð? Útlitið á þér sannar ekki neitt. Það fæðist allt mögulegt.

Ég hef alltaf litið út eins og frík.

Iss, þetta er rakin ímyndun í þér.

95 Það er akkúrat, nákvæmlega ekki neitt líkt með okkur pabba. Ekki arða, ekki bútur af fingri, ekki brot úr tönn. Mig hefur alltaf grunað að það væri eitthvað bogið við þetta.

### 1. Text comprehension

Answer questions (a)–(e) below in complete Icelandic sentences, using your own words:

- (a) ‘að vera ó-skáld, skáld í meinum’ (line 16). Hvað á sögukona við með þessu?
- (b) ‘Ég er bara venjulegur umskiptingur’ (line 61). Hvað er átt við með þessu?
- (c) Hvaða hlutverki gegnir landslagið í textanum?
- (d) Hvað segir textinn okkur um hvernig sögukonu líður?
- (e) Hvernig mynd er dregin upp af þeim ‘sem ég hugsa um’ (line 29), og hvernig ber sögukona sig saman við hann?

### 2. Language

Explain in Icelandic the meaning of the following words/expressions (a)–(e) from the text:

- (a) fara á mis (line 4)
- (b) þarna í efra (line 8)
- (c) út í æsar (line 24)
- (d) uppá grín (line 26)
- (e) tímaskyn (line 69)

### 3. Style

Answer questions (a)–(b) in Icelandic:

- (a) Athugaðu helstu stíleinkenni textans, s.s. setningaskipan og myndmál.
- (b) Athugaðu orðanotkun í textanum, s.s. forna orðanotkun, erlend orð og talmál.

### B. (20%) Free commentary.

Write a brief piece in Icelandic in your Answer Book (about 250 words) expressing your own opinion on ONE of the following issues raised in the text:

- (a) Að vera útlendingur.
- (b) Útlitið á fólki hefur áhrif á velgengni þess.

### C. (40%) Write an essay in Icelandic on ONE of the following topics:

- (a) Er hjónaband úrelt stofnun?
- (b) Hafa börn rétt til þess að vita af hvaða foreldri þau eru?
- (c) Er ennþá þörf fyrir femínisma?
- (d) Er ríkisútvarp tímaskekkja?
- (e) Ættu stórborgir að vera bíllausar?
- (f) Hefur frægt fólk rétt til einkalífs?